

Stefna Heyrnarhjálpur í að styrkja hin ýmsu málefni

Tilgangur styrkja

Tilgangur styrkja Heyrnarhjálpur er að styðja við góð og samfélagslega mikilvæg málefni sem tengjast:

- Heyrn og heyrnarskerðingu
- Talmáli og málþroska
- Táknmáli, rittúlkun eða sambærilegum samskipalausnum
- Fræðslu, vitundarvakningu eða bættri þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta

Markmiðið er að stuðla að aukinni þátttöku, jöfnum tækifærum og bættum lífsgæðum.

Hverjir geta sótt um styrk

Heyrnarhjálp veitir styrki meðal annars til:

- Félagasamtaka og félagshreyfinga
- Verkefna á vegum skóla, stofnana eða samfélagslega verkefna
- Viðburða, fræðslu eða vitundarvakningar sem falla að markmiðum stefnunnar.

Einstaklingar geta almennt ekki sótt um styrk, nema um sé að ræða sérstök verkefni með skýrum samfélagslegum ávinningi.

Meginmarkmið við ákvörðun styrkja

Við mat á umsóknum er meðal annars horft til:

- Samræmis við tilgang styrkjastefnu Heyrnarhjálpur
- Áhrifa verkefnisins fyrir heyrnarskerta
- Skýrleika í markmiðum og framkvæmd
- Hvort að styrkurinn nýtist til að efla vitund, þjónustu eða aðgengi

Umsóknarferli

- Umsóknir skulu vera skriflegar og innihalda lýsingu á verkefninu, markmiðum og kostnaðaráætlun
- Umsóknir sem fela einungis í sér styrktarlínu, eru í samræmi við stefnu Heyrnarhjálpur um styrki og eru ekki hærri en 5000kr að upphæð mun starfsmaður Heyrnarhjálpur senda áfram til gjaldkera Heyrnarhjálpur til útborgunar. Gæta skal að því að ekki sé veitt styrkur til sömu aðila oftari en einu sinni yfir árið.
- Umsóknir sem fela í sér upphæð hærri en 5000kr fara fyrir stjórn Heyrnarhjálpur einu sinni í mánuði eða eftir þörfum.

12.04.2026

- Heyrnarhjálp áskilur sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum ef að þess telst þörf.

Framkvæmd og eftirlit

- Styrkþegar skulu nota styrkinn í samræmi við samþykka umsókn
- Heyrnarhjálp getur óskað eftir stuttri greinagerð eða yfirliti um framkvæmd verkefnisins
- Nafn Heyrnarhjalpar skal koma fram sem styrktaraðili þegar að við á.

Endurskoðun stefnunnar

Styrkjastefna er endurskoðuð reglulega og uppfærð eftir þörfum.

Stjórn Heyrnarhjalpar